

Lögbirtingablað



Gefið út samkvæmt lögum nr. 64 16. des. 1943

Skrifstofa blaðsins
er í Síðumúla 29, 2. hæð,
150 Reykjavík.
Sími 560 9050. Myndsendir 568 7646.
Netfang: logbirtingabladid@dkm.stjr.is
Árg. kostar 2.500 krónur,
hvert eintak 65 krónur.

Nr. 141

94. ár

Föstudaginn 30. nóvember 2001

Stefnur

Dómstjóri héraðsdóms Reykjavíkur,
Friðgeir Björnsson

gjörir kunnugt: Mér hefur tjáð Gissur V. Kristjánsson hdl., kt. 250644-3539, Síðumúla 15, Reykjavík, að hann þurfi að höfða mál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur til ógildingar á neðangreindu veðskuldabréfi.

Dómkröfur: Stefnandi kveðst gera þær dómkröfur, að ógilt verði með dómi veðskuldabréf, útgefið í Reykjavík hinn 19. september 1996 af Ingvari Björnssyni, kt. 080744-2859, Skelja-granda 4, Reykjavík, til handhafa tryggt með 2. veðrétti í bifreiðinni PO-658, upphaflega að fjárhæð kr. 1.000.000.

Málsástæður og önnur atvik: Stefnandi kveður veðskuldabréfið gefið út af Ingvari Björnssyni til handhafa 19. september 1996 að fjárhæð kr. 1.000.000. Veðskuldabréfið var til fimm ára, en átti að greiðast með einni afborgun þann 1. september 2006. Bréfið var óverðtryggt og vaxtalaust. Veðskuldabréfið var tryggt upphaflega með 2. veðrétti og uppfærslurétti í bifreiðinni PO-658, nú með 1. veðrétti. Stefnandi kveðst hafa tekið við veðskuldabréfinu þann 25. október 1996.

Stefnandi kveður frumrit veðskuldabréfsins vera glatað og hafi það ekki fundist þrátt fyrir mikla leit og eftirgrennslan. Stefnandi kveður því nauðsyn á að fá veðskuldabréfið ógilt með dómi til að geta neytt þeirra réttinda, sem það ber með sér.

Lagarök: Stefnandi vísar til ákvæða 120. og 121. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Sönnunargögn: Stefnandi kveðst munu leggja fram við þingfestingu málsins nr. 1 stefnu þessa, nr. 2 skjalaskrá, nr. 3 eintak Lögbirtingablaðs, er stefna þessi birtist í, nr. 4 ljósrit veðskuldabréfsins, nr. 5 veðbókarvottorð, nr. 6 afrit kvittunar fyrir móttöku veðskuldabréfsins.

Fyrirkall: Fyrir því stefnist hér með hverjum þeim, er kann að hafa framangreint veðskuldabréf undir höndum eða telur til réttar yfir því til að mæta er mál þetta verður þingfest í héraðsdómi Reykjavíkur, dómsal nr. 102, dómhúsinu við Lækjartorg í Reykjavík, fimmtudaginn 24. janúar 2002 kl. 10.00, til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, á sókn sakar og dómkröfur að hlýða, til sakar að svara og til að leggja fram gögn af sinni hálfu og sanna rétt sinn til veðskuldabréfsins, en ella má búast við að útivistardómur gangi í málinu í samræmi við stefnukröfur.

Stefnufrestur ákveðst einn mánuður.

Reykjavík, 19. nóvember 2001.
Friðgeir Björnsson.

(14160)

Íslandsbanki hf., kt. 550500-3530,
Kirkjusandi, Reykjavík,
áður Íslandsbanki hf., kt. 421289-5069,
v/útibús nr. 545,
Fjarðargötu 19, 220 Hafnarfirði

gjörir kunnugt: Að bankinn þurfi að höfða mál fyrir héraðsdómi Reykjaness á hendur:

Tilkynning

um dráttarvexti og vexti af peningakröfum

Fyrsti kafli hér að neðan um dráttarvexti er birtur samkvæmt 2. mgr. 10. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, og gilda dráttarvextir sem þar eru sýndir í sex mánuði í senn frá 1. janúar og 1. júlí ár hvert. Annar kafli um almenna vexti er birtur samkvæmt 2. mgr. 10. gr., sbr. 4. og 8. gr. sömu laga og þriðji kafli samkvæmt bráðabirgðaákvæði III í sömu lögum og gilda vextir samkvæmt II. og III. kafla næsta almanaksmánuðinn eða uns næsta tilkynning birtist.

Vextir sem breytast eru merktir með stjörnu (*). Innan sviga eru sýndir vextir fyrir breytingu.

I. Dráttarvextir af peningakröfum í krónum	Vextir alls á ári f.o.m. 1. desember 2001
1. Grunnur dráttarvaxta ¹⁾	10,9%
2. Vanefndaálag ²⁾	12,6%
3. Dráttarvextir ³⁾	23,5%
II. Almennir vextir	
1. Vextir óverðtryggðra lána skv. 4. gr. ⁴⁾	14,0% * (14,5%)
2. Vextir verðtryggðra lána skv. 4. gr. ⁴⁾	7,7% * (7,8%)
3. Vextir af skaðabótakröfum ⁵⁾	9,5%
III. Dráttarvextir af peningakröfum í erlendri mynt ⁶⁾	
1. Bandaríkjadollurum	5,5%
2. Sterlingspundum	7,5%
3. Dönskum krónum	7,0%
4. Norskum krónum	10,5%
5. Sænskum krónum	7,0%
6. Svissneskum frönskum	5,5%
7. Japönskum jenum	5,0%
8. Evrum ⁷⁾	6,5% * (7,0%)

1) Grunnur dráttarvaxta eru gildandi vextir algengustu skammtímalána Seðlabanka Íslands til lánastofnana, nú ávöxtun í endurhverfum verðbréfakaupum Seðlabankans.

2) Vanefndaálag er ellefu hundraðshlutar, nema um annað sé samið skv. 2. mgr. 6. gr. laganna. Seðlabankanum er þó heimilt að ákveða annað vanefndaálag að lágmarki sjö hundraðshlutar og að hámarki fimmtán hundraðshlutar.

3) Dráttarvextir eru samtala grunns dráttarvaxta og vanefndaálags. Seðlabankinn skal birta dráttarvexti eigi skemur en viku fyrir gildistökudaga dráttarvaxta sem eru 1. janúar og 1. júlí ár hvert.

4) Almenna vexti skv. 3. gr. laganna skal því aðeins greiða af peningakröfu að það leiði af samningi, venju eða lögum. Þegar hundraðshluti þeirra eða vaxtavíðmiðun er að öðru leyti ekki tiltekin, skulu vextir vera á hvejrur tíma jafnháir vöxtum sem Seðlabanki Íslands ákveður með hliðsjón af lægstu vöxtum á nýjum almennum óverðtryggðum útlánunum hjá lánastofnunum og birtir skv. 10. gr. laganna. Þar sem um verðtryggða kröfu er að ræða skulu vextir vera jafnháir vöxtum sem Seðlabankinn ákveður með hliðsjón af lægstu vöxtum á nýjum almennum verðtryggðum útlánunum hjá lánastofnunum og birtir skv. 10. gr. laganna.

Í bráðabirgðaákvæði I í lögum nr. 38/2001 segir: „Nú segir í lánssamningi í íslenskum krónum, gerðum fyrir gildistöku laga þessara, að vextir fram að gjalddaga skuli vera breytilegir í samræmi við vegið meðaltal ársávöxtunar á nýjum almennum útlánunum hjá viðskiptaböndum og sparisjóðum, meðalútlánsvexti viðskiptabanka og sparisjóða eða meðalútlánsvexti sem Seðlabanki Íslands birtir, eða vísað er með öðrum almennum hætti til vaxta á markaði, og skulu þá vextir af þessum peningakröfum, eftir gildistöku laganna, vera jafnháir vöxtum skv. 1. málsl. 4. gr. að viðbættum 3,5% þegar um óverðtryggða peningakröfu er að ræða og jafnháir vöxtum skv. 2. málsl. 4. gr. að viðbættum 2,5% þegar um verðtryggða peningakröfu er að ræða.“

Nú segir í lánssamningi í íslenskum krónum, gerðum fyrir gildistöku laga þessara, að vextir fram að gjalddaga skuli vera breytilegir í samræmi við hæstu lögleyfðu vexti á hverjum tíma, hæstu vexti á markaðnum eða vísað er með öðrum almennum hætti til hæstu vaxta á markaði og skulu þá vextir af þessum peningakröfum eftir gildistöku laganna vera jafnháir vöxtum skv. 1. málsl. 4. gr. að viðbættum 4,5%, þegar um óverðtryggða peningakröfu er að ræða og jafnháir vöxtum skv. 2. málsl. 4. gr. að viðbættum 3,5% þegar um verðtryggða peningakröfu er að ræða.“

5) Vextir af kröfum um skaðabætur, sbr. 1. mgr. 8. gr. laganna, skulu á hverjum tíma vera jafnháir tveimur þriðju hlutum vaxta sem Seðlabanki Íslands ákveður og birtir skv. 1. málsl. 4. gr. laganna.

6) Í bráðabirgðaákvæði III í lögum nr. 38/2001 segir: „Nú segir í lánssamningi í erlendum gjaldmiðli, gerðum fyrir gildistöku laga þessara, að við vanskil reiknist hæstu lögleyfðu dráttarvextir eins og þeir eru á hverjum tíma, dráttarvextir samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands eða dráttarvextir samkvæmt vaxtalögum, eða vísað er með öðrum hætti til dráttarvaxta sem Seðlabankinn ákvað skv. 11. gr. laga nr. 25/1987, og skulu þá dráttarvextir þessir vera ákvarðaðir með sama hætti næstu fimm árin eftir gildistöku laga þessara, en að þeim tíma loknum skulu þeir vera jafnháir þeim dráttarvöxtum í hlutaðeigandi gjaldmiðli sem síðast voru auglýstir af Seðlabankanum í Lögbirtingablaði fimm árum eftir gildistöku laganna.“

7) Sömu vextir gilda af peningakröfum í myntum aðildarlanda myntbandalags Evrópu (EMU) og í evrum.

Um leið og tilkynning þessi öðlast gildi 1. desember 2001, fellur úr gildi tilkynning nr. 5/2001 dags. 22. október 2001 um dráttarvexti og vexti af peningakröfum.

Reykjavík, 21. nóvember 2001.
Seðlabanki Íslands.

Auglýsing um tillögu að svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001-2024

Samkvæmt 13. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, er hér með auglýst til kynningar tillaga að svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001-2024.

Skipulagstillagan sýnir landnotkun í sveitarfélögunum átta sem aðild eiga að samvinnunefndinni. Á korti og í greinargerð er gerð grein fyrir stefnumörkun sveitarfélaganna, áætlaðri byggðarþróun og samgöngukerfi.

Tillaga að svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001-2024, uppdráttur ásamt greinargerð og fylgiritum, liggur frammi almenningi til sýnis frá 3. desember 2001 til 11. janúar 2002.

Tillagan liggur frammi á eftirtöldum stöðum:

- Hafnarfjörður: Á skrifstofu umhverfis- og tæknisviðs, Strandgötu 8-10, Hafnarfirði.
- Bessastaðahreppur: Á skrifstofu hreppsins, Bjarnastöðum, Bessastaðahreppi.
- Garðabær: Á bæjarskrifstofum, Garðatorgi 7, Garðabæ.
- Kópavogur: Á skrifstofu bæjarskipulags, Fannborg 6, 2. hæð og í Smáralind við Hagasmára, Kópavogi.
- Reykjavík: Í sýningarsal Borgarskipulags og byggingarfulltrúa á 1. hæð að Borgartúni 3, Reykjavík.
- Seltjarnarnes: Á bæjarskrifstofunum, Austurströnd 2, Seltjarnarnesi.
- Mosfellsbær: Á bæjarskrifstofum, Þverholti 2, Mosfellsbæ.
- Kjósarhreppur: Á skrifstofu hreppsins að Félagsgarði, Kjós.
- Skipulagsstofnun Laugavegi 166, Reykjavík.

Athugasemdum við skipulagstillöguna skal skila til skrifstofu borgarverkfræðings, Skúlafúni 2, 3. hæð, Reykjavík, merkt samvinnunefnd um svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins, eigi síðar en 14. janúar 2002 og skulu þær vera skriflegar.

Þeir sem ekki gera athugasemdir innan tilskilins frests teljast samþykkir tillögunni.

Samvinnunefnd um svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins.

14199)

Auglýsing um hreindýraveiðar árið 2002

Heimilt er að veiða allt að 574 hreindýr á tímabilinu 1. ágúst til 15. september 2002, auk hreindýrakálfa sem fylgt hafa felldum kúm, en þá skal fella sé þess kostur. Þessi heimild er veitt með fyrirvara um að ekki verði verulegar breytingar á stofnstærð fram að veiðum sem kalli á endurskoðun fjölda veiðiheimilda.

Veturgamlir tarfar eru alfriðaðir og miðast tarfaveiði því við tveggja vetra og eldri tarfa.

Hreindýraráð auglýsir og sér um sölu allra veiðiheimilda.

Hreindýraveiðar eru óheimilar fyrir 15. ágúst 2002 á svæði sem afmarkast af austurbakka Jökulsár í Fljótsdal að Laugará, með Laugará að Hölnkná, og þaðan í beinni línu í topp á Urgi, í Tungusporð, Búrfellstopp og að ósi Dysjarár. Vesturmörk fylgja síðan Jökulsá á Brú að Jökli.

Veiðiheimildir árið 2002 skiptast sem hér segir eftir veiðisvæðum og kyni dýra:

	Tarfar	Kýr	Samtals
Svæði 1	14	15	29
Svæði 2	115	119	234
Svæði 3	16	15	31
Svæði 4	14	18	32
Svæði 5	15	45	60
Svæði 6	23	28	51
Svæði 7	24	28	52
Svæði 8	15	15	30
Svæði 9	25	30	55
Alls:	261	313	574

Veiðisvæðin skiptast þannig eftir sveitarfélögum:

Svæði 1 Vopnafjarðarhreppur og Norður Hérað, þ.e. áður Jökuldalur norðan Jökulsár á Brú og Jökulsárhlið.

Svæði 2 Norður Hérað, áður Jökuldalur austan Jökulsár á Brú og Hróarstunga. Einnig Fella-hreppur, Fljótsdalshreppur og Austur Hérað (þ. e. Vellir vestan Grímsár og Skriðdalur vestan Grímsár).

Svæði 3 Austur Hérað, áður Hjaltastaðapinghá, Eiðapinghá og Borgarfjarðarhreppur

Svæði 4 Austur Hérað, áður Vellir austan Grímsár og Reyðarfjörður í Fjarðabyggð og Seyðisfjörður og Mjólfjörður.

Svæði 5 Fjarðabyggð, áður Eskifjörður/Norðfjörður.

Svæði 6 Austur Hérað, áður Skriðdalur austan Grímsár og Breiðdalshreppur.

Svæði 7 Djúpavogshreppur, áður Beruneshreppur, Búlandshreppur og Geithellnahreppur.

Svæði 8 Hornafjörður, áður Bæjarhreppur og Nesjahreppur.

Svæði 9 Hornafjörður, áður Mýrarhreppur og Borgarhafnarhreppur (Suðursveit).

Þrátt fyrir skiptingu veiðiheimilda eftir veiðisvæðum geta hreindýraráð og veiðistjóraembættið, í samráði við Náttúrustofu Austurlands, heimilað veiðar á hreindýrum skv. veiðiheimildum svæða 1, 6 og 7 á svæði 2 og öfugt enda telji þessir aðilar ástæðu til að ætla að hreindýr hafi fært sig milli veiðisvæða í samræmi við það.

Veiðiheimildir þessar eru auglýstar skv. 6. gr. reglugerðar nr. 452/2000 um stjórn hreindýraveiða frá 3. júlí 2000, og 14. gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum með áorðnum breytingum.

Umhverfisráðuneytinu,
23. nóvember 2001.

14217)

Bjarna Bergþóri Eiríkssyni, kt. 280571-3349, óstaðsettur í hús, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 857.888, með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, frá 16. mars 2001 til 1. júlí 2001 og frá þeim degi til greiðsludags með dráttarvöxtum skv. III. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu og Guðrúnu Gerði Guðbjörnsdóttur, kt. 150673-3809, Hörgsholti 3, Hafnarfirði, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 200.000, með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, frá 16. mars 2001 til 1. júlí 2001 og frá þeim degi til greiðsludags með dráttarvöxtum skv. III. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

Krafist er málskostnaðar samkvæmt mati dómsins eða framlögðum málskostnaðarreikningi, að viðbættum virðisaukaskatti, sem áskilinn er réttur til að leggja fram við þingfestingu og/eða á síðari stigum málsins.

Málflutningsumboð: Gunnar Sv. Friðriksson hdl. rekur mál þetta f.h. stefnanda.

Málsástæður og önnur atvik: Skuldin er skv. reikningsyfirliti tékkareiknings stefnda, Bjarna Bergþórs Eiríkssonar, nr. 0545-26-003349 í Íslandsbanka hf., Hafnarfirði, en skuldastaða reikningsins var þann 16. mars 2001 kr. 857.888.

Stefnda, Guðrún Gerður Guðbjörnsdóttir, tók á sig sjálfskuldarábyrgð á kr. 200.000, af skuldinni auk alls kostnaðar með ritun sinni á yfirlýsingu þess efnis dags. 2. febrúar 2000, sbr. framlagt gagn nr. 5 og er henni þess vegna stefnt fyrir ábyrgðarfjárhæðinni en ekki heildarskuld stefnda Bjarna Bergþórs. Dráttarvaxta er krafist frá gjalddaga kröfunnar. Innheimtutilraunir hafa ekki borið árangur og málishöfðun því nauðsynleg.

Bjarni Bergþór Eiríksson er óstaðsettur í hús og því nauðsynlegt að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaði skv. a) lið 1. mgr. 89. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Tilvísun til helstu lagaákvæða: Stefnandi vísar til laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og almennra reglna fjármunaréttarins um ábyrgð á fjárskuldbindingum.

Kröfur um dráttarvexti styður stefnandi við reglur III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 og III. kafla laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001. Lög nr. 25/1987 voru felld úr gildi þann 1. júlí s.l. með lögum nr. 38/2001. Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða nr. II skulu dráttarvextir eftir gildistöku laganna reiknaðir skv. 1. mgr. 6. gr. þeirra.

Kröfur um málskostnað styður stefnandi við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Málinu er stefnt fyrir héraðsdóm Reykjaness á grundvelli 1. mgr. 42. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Krafa um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun er reist á lögum nr. 50/1988, þar sem lögmönnum er gert að innheimta virðisaukaskatt af þjónustu sinni. Stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur, því ber honum nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefndu.

Sönnunargögn: Stefnandi mun við þingfestingu málsins leggja fram auk stefnu þessarar:

- Skrá.
- Afrit Lögbirtingarblaðs.
- Yfirlit tékkareiknings.
- Afrit sjálfskuldarábyrgðar dags. 2. febrúar 2000.
- Innheimtubréf lögmanns dags. 24. september 2001.
- Málskostnaðarreikning.

Áskilnaður: Áskilinn er réttur til framlagn-ingar frekari gagna til rökstuðnings kröfu stefnanda, á síðari stigum málsins, auk reifunar frekari málsástæðna og útlístar á kröfunni.

Fyrirkalla: Fyrir því stefnist hér: Bjarna Bergþóri Eiríkssyni, kt. 280571-3349, og Guðrúnu Gerði Guðbjörnsdóttur, kt. 150673-3809 til

að mæta á dómþingi héraðsdóms Reykjaness sem háð verður í dómsal þingsins, Fjarðargötu 9, 3. hæð, Hafnarfirði, miðvikudaginn 16. janúar 2002, kl. 9.00, er mál þetta verður þingfest, til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð á sókn sakar og dómkröfur að hlýða, til sakar að svara og leggja fram gögn af sinni hálfu.

Útivist getur leitt til þess að útivistardómur gangi í málinu.

Stefnufrestur er einn mánuður.

Hafnarfirði, 13. nóvember 2001.
F.h. stefnanda,
Gunnar Sv. Friðriksson hdl.

(14142

Innkallanir

Með úrskurði héraðsdóms Norðurlands vestra, uppkveðnum þann 16. nóvember 2001, var bú Árvirkni ehf., kt. 450597-2879, Norður-landsvegi 4, Blönduósi, tekið til gjaldþrota-skipta. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er 20. október 2001.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra, innan 2ja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Skipagötu 14, pósthólf 377, 602 Akureyri.

Skiptafundur til að fjalla um skrá yfir lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Skipagötu 14, 2. hæð, Akureyri, mánudaginn 11. febrúar 2002 kl. 11.00. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi síðustu viku fyrir skiptafund.

Komi ekkert fram um eignir í búinu verður skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991.

Akureyri, 19. nóvember 2001.
Inga Þöll Þórgnýsdóttir hdl.

(14162 a

Með úrskurði héraðsdóms Vestfjarða, upp-kveðnum 16. nóvember 2001, var bú Hagvonar ehf., kt. 490687-1229, Borg, 380 Króksfjarð-arnesi, tekið til gjaldþrotaskipta. Undirritaður var sama dag skipaður skiptastjóri þrotabúsins. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er 26. október 2001.

Hér með er skorað á alla þá sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða eigna í umráðum þess að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Reitarvegi 12, pósthólf 55, 340 Stykkishólmi.

Skiptafundur til að fjalla um skrá yfir lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Reitarvegi 12, Stykkishólmi, föstudaginn 1. mars 2002 kl. 10.00.

Skrá yfir lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skipta-fundinn.

Stykkishólmi, 21. nóvember 2001.
Pétur Kristinsson hdl.

(14163 a

Með úrskurði héraðsdóms Norðurlands eystra, uppkveðnum þann 16. nóvember 2001, var bú Sigurðar Eiríkssonar, kt. 240551-4119, Vestursíðu 34, 603 Akureyri tekið til gjaldþrota-skipta. Þann sama dag var undirrituð skipuð skiptastjóri í þrotabúinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin var 22. ágúst 2001.

Hér með er skorað á alla þá er telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar

Auglýsing

um tillögu að breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar Fellsás 2 í Mosfellsbæ

Á fundi bæjarstjórnar þann 31. október 2001 var samþykkt kynning á tillögu að breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar Fellsás 2 í Mosfellsbæ í samræmi við 1. mgr. 26. gr. skipulags- og bygg-ingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum.

Breyting felst í því að bílskúr er stækkaður og byggingarreitur sem því nemur.

Tillagan verður til sýnis í afgreiðslu bæjarskrifstofu Mosfellsbæjar, Þverholti 2, fyrstu hæð, frá 30. nóvember 2001 til 14. janúar 2002.

Athugasemdir ef einhverjar eru, skulu hafa borist skipulagsnefnd Mosfellsbæjar fyrir 14. janúar nk.

Þeir sem ekki gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkir tilögunni.

Mosfellsbæ, 22. nóvember 2001.

Bæjarverkfræðingurinn í Mosfellsbæ.

14181)

Auglýsing

um deiliskipulag að Læk II, Ölfusi, bleikjueldisstöð

Bæjarstjórn Ölfuss heimilar auglýsingu á tillögu að deiliskipulagi á heimalandi Lækjar II, Ölfusi, fyrir bleikjueldisstöð, 20 tonna ársframleiðsla, samkvæmt 25. gr. laga nr. 73/1997, með síðari breytingum. Um er að ræða skika sem liggja norðan og sunnan Þjóðveg­ar nr. 38.

Tillagan, ásamt yfirlitsmynd er sýnir heimalandið, skikana sem merktir eru A, B, D og E, liggur frammi á bæjarskrifstofu Sveitarfélagsins Ölfuss, Hafnarbergi 1, 815 Þorlákshöfn, á skrifstofutíma frá 30. nóvember 2001 til og með 28. desember 2001. Þangað skal skila inn skriflegum athugasemd-um ef einhverjar eru fyrir 11. janúar 2002.

Þeir sem ekki skila inn athugasemdum við tillöguna innan tilskilins frests, teljast samþykkir tillöguninni.

Bæjarstjórn Ölfuss.

14183)

Nauðungarsölur

Húsavík

Eftirtal­dar beiðnir um nauðungarsölu til fullnustu kröfum um peningagreiðslu verða teknar fyrir á skrifstofu embættisins að Útgarði 1, Húsavík, þriðjudaginn 8. janúar 2002 kl. 13.00, hafi þær ekki áður verið felldar niður:

Heiti eignar:	Gerðarþoli (-ar):	Gerðarbeiðandi (-beiðendur):	Fjárhæðir krafna í krónum:
Aðalbraut 65, hluti (1,67%), Raufarhöfn	Hrólfur Björnsson	Sýslumaðurinn í Hafnarfirði	37.066
Austurvegur 1, Þórshöfn	Jóhann Ólafur Lárusson	Íbúðalánasjóður	2.473.950
Draflastaðir, hluti, Hálshreppi	Heiðar Ágúst Jónsson	Kaupfélag Þingeyinga	772.220
Fjarðarvegur 9, Þórshöfn	Óðinn Jakob Haraldsson	Lífeyrissjóður sjómanna	173.923
Garðarsbraut 39, 50% í 0201	Sigurður Jóhannsson	Ríkisútvarpið	100.106
Garðarsbraut 43, efri hæð	Ævar Ákason	Lífeyrissjóðir Bankastræti 7	969.010
Garðarsbraut 83, íbúð 0102	Hörður Ívarsson	Ríkisútvarpið	88.849
Hálsvegur 2, Þórshöfn	Jón Stefánsson	Ríkisútvarpið	82.784
Laugarbrekka 10	Jóhann Hermannsson	Lífeyrissjóður verslunarmanna	128.533
Mb. Kópur ÞH-248	Sigurbjörn Viðar Júlíusson	Sýslumaðurinn á Akureyri	24.783
Smáragrund, Reykdælahreppi	Unnsteinn Pétursson	Stilling hf.	232.118

Húsavík, 19. nóvember 2001.

Sýslumaðurinn á Húsavík,

Halldór Kristinsson.

þessarar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Garðarsbraut 5, 640 Húsavík.

Skiptafundur til að fjalla um skrá yfir lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum bú-sins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Garðarsbraut 5, Húsavík, föstudaginn 22. febrúar nk. kl. 11.00.

Skrá yfir lýstar kröfur mun liggja þar frammi síðustu vikuna fyrir skiptafundinn.

(14168 a

Með úrskurði héraðsdóms Norðurlands eystra, uppkeðnum þann 16. nóvember 2001, var bú Sigrúnar Ásdísar Gísladóttur, kt. 100153-2119, Vestursíðu 34, 603 Akureyri, tekið til gjaldþrotaskipta. Þann sama dag var undirrituð skipuð skiptastjóri í þrotabúinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin var 22. ágúst 2001.

Hér með er skorað á alla þá er telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Garðarsbraut 5, 640 Húsavík.

Skiptafundur til að fjalla um skrá yfir lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum bú-sins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Garðarsbraut 5, Húsavík, föstudaginn 22. febrúar nk. kl. 10.30.

Skrá yfir lýstar kröfur mun liggja þar frammi síðustu vikuna fyrir skiptafundinn.

(14169 a

Húsavík, 21. nóvember 2001.
Berglind Svavarsdóttir hdl.

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur, uppkeðnum 16. nóvember 2001, var bú Útgerðar-félagsins Marínu ehf., kt. 470199-2539, Laugar-ásvegi 31, Reykjavík, tekið til gjaldþrotaskipta. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er 16. október 2001.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Lágmúla 7, 108 Reykjavík.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum bú-sins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Lágmúla 7, 107 Reykjavík, fimmtudaginn 14. febrúar 2002.

Reykjavík, 21. nóvember 2001.
Sigurmar K. Albertsson hrl.

(14184 a

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur, uppkeðnum 20. nóvember 2001, var dánarbú Ásgeirs Bjarnasonar, kt. 020358-2469, sem var síðast til heimilis að Rjúpufelli 48 í Reykjavík, og lést þann 23. apríl 2001, tekið til opinberra skipta.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur dánarbúinu eða telja til eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfulýsingar skulu sendar til skrifstofu skiptastjóra að Skipholti 50c, 105 Reykjavík.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum bú-sins verður haldinn á framangreindri skrifstofu skiptastjóra mánudaginn 11. febrúar 2002.

Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Reykjavík, 23. nóvember 2001.
Arnór Halldórsson hdl.

(14196 a

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness, uppkeðnum föstudaginn 26. október 2001, var bú Þórunnar Bjargar Sigurðardóttur, kt. 130681-

3959, Hverfisgötu 36, Hafnarfirði, tekið til gjaldþrotaskipta. Frestdagur við skiptin er 20. júní 2001.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Hafnargötu 31, 230 Keflavík.

Skiptafundur í búinu verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Hafnargötu 31, Keflavík, fimmtudaginn 21. febrúar 2001 kl. 11.00. Á fundinum verður gerð grein fyrir hag bú-sins, og teknar ákvarðanir um ráðstöfun á eignum og réttindum þess. Þá verður fjallað um kröfulýsingarskrá, en hún mun liggja frammi síðustu vikuna fyrir fundinn á skrifstofu skiptastjóra.

(13925 b

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness, uppkeðnum föstudaginn 26. október 2001, var bú Gatnagerðar og lagna ehf., kt. 570200-3480, Lækjasmára 8, Kópavogi, tekið til gjaldþrotaskipta. Frestdagur við skiptin er 5. júní 2001.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Hafnargötu 31, 230 Keflavík.

Skiptafundur í búinu verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Hafnargötu 31, Keflavík, fimmtudaginn 21. febrúar 2001 kl. 13.30. Á fundinum verður gerð grein fyrir hag bú-sins, og teknar ákvarðanir um ráðstöfun á eignum og réttindum þess. Þá verður fjallað um kröfulýsingarskrá, en hún mun liggja frammi síðustu vikuna fyrir fundinn á skrifstofu skiptastjóra.

(13926 b

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness, uppkeðnum föstudaginn 26. október 2001, var bú Gravis ehf., kt. 650398-3519, Kaplahrauni 5, Hafnarfirði, tekið til gjaldþrotaskipta. Frestdagur við skiptin er 1. júní 2001.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Hafnargötu 31, 230 Keflavík.

Skiptafundur í búinu verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Hafnargötu 31, Keflavík, fimmtudaginn 21. febrúar 2001 kl. 14.00. Á fundinum verður gerð grein fyrir hag bú-sins, og teknar ákvarðanir um ráðstöfun á eignum og réttindum þess. Þá verður fjallað um kröfulýsingarskrá, en hún mun liggja frammi síðustu vikuna fyrir fundinn á skrifstofu skiptastjóra.

(13927 b

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness, uppkeðnum föstudaginn 26. október 2001, var bú Icemax ehf., kt. 450298-2399, Smiðjuvegi 2, Kópavogi, tekið til gjaldþrotaskipta. Frestdagur við skiptin er 23. maí 2001.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Hafnargötu 31, 230 Keflavík.

Skiptafundur í búinu verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Hafnargötu 31, Keflavík, fimmtudaginn 21. febrúar 2001 kl. 15.00. Á fundinum verður gerð grein fyrir hag bú-sins, og teknar ákvarðanir um ráðstöfun á eignum og réttindum þess. Þá verður fjallað um kröfulýs-

ingarskrá, en hún mun liggja frammi síðustu vikuna fyrir fundinn á skrifstofu skiptastjóra.

(13928 b

Keflavík, 8. nóvember 2001.
Nökkvi Már Jónsson hdl.

Á hluthafafundi í hlutafélaginu Stakksvík hf., kt. 521190-1249, sem haldinn var 12. nóvember 2001 var samþykkt að slíta félaginu. Í skilanefnd voru kjörnir: Böðvar Jónsson, kt. 310768-3599, Melavegi 10, 260 Njarðvík og Guðmundur Kjartansson, kt. 290459-4789, löggiltur endurskoðandi hjá Deloitte & Touche hf., Hafnargötu 29, 230 Keflavík og hafa þeir fengið löggildingu til starfans.

Hér með er, skv. 112. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög, skorað á alla þá sem telja til skulda eða annarra réttinda hjá félaginu eða telja til eigna í vörslu þess, að lýsa kröfum sínum innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfulýsingar skulu sendar skilanefnd á pósthólf Deloitte & Touche hf., v/Stakksvíkur hf., pósthólf 90, 232 Keflavík.

Skilanefnd hefur ákveðið að boða lánardrottna og hluthafa félagsins til fundar á skrifstofu Deloitte & Touche hf., Hafnargötu 29, 230 Keflavík sem haldinn verður miðvikudaginn 27. febrúar 2002 kl. 13.30.

Keflavík, 12. nóvember 2001.
F.h. Skilanefndar Stakksvíkur hf.,
Guðmundur Kjartansson.

(14050 b

Með úrskurði héraðsdóms Norðurlands vestra uppkeðnum þann 3. september 2001, var bú Bergs Hólmsteinssonar, kt. 090147-3669, sem lést þann 24. maí 2001, síðast til heimilis að Silfurtúni, 551 Sauðárkróki, tekið til opinberra skipta. Sama dag var undirrituð skipuð skiptastjóri í búinu.

Hér með er skorað á alla þá sem telja til arfs, skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í þrotabúinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfulýsingar skulu sendar til skrifstofu skiptastjóra að Garðarsbraut 5, 640 Húsavík.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum bú-sins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Garðarsbraut 5, Húsavík mánudaginn 17. desember 2001 kl. 11.00.

Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Endurbirt vegna villu á dómstóli.

Húsavík, 21. september 2001.
Margrét María Sigurðardóttir hdl.

(14054 b

Eftirtaldar sparisjóðsbækur við Landsbanka Íslands hf. eru taldar glataðar.

Aðalbanki: Nr. 10606, 154176, 169005, 264675, 272644, 278232, 279071 og 281049.
Austurbær: Nr. 261321, 262409, 264276, 27175 og 272829.
Grafarvogur: Nr. 60277.
Breiðholt: Nr. 6152, 62517 og 62951.
Langholt: Nr. 61999 og 63029.
Múli: Nr. 4205, 19518, 43657, 60095, 63884 og 65746.
Selfoss: Nr. 260808 og 261029.
Akureyri: Nr. 111247 og 267092.
Akranes: Nr. 62660.

Samkvæmt 49. gr. laga nr. 113/1996 stefnist hér með handhöfum ofangreindra sparisjóðsbóka, að segja til sín innan þriggja mánaða frá síðustu birtingu þessarar áskorunar.

Reykjavík, 14. nóvember 2001.
Landsbanki Íslands hf.,
viðskiptabankajónusta-miðvinnsla.
Hallfríður Gunnlaugsdóttir.
Sólveig Halldórsdóttir.

(14115 b

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness, upp-
kveðnum 26. október 2001, var bú Erlindu T. Ragmat, kt. 080470-2159, Háholti 11, Hafnar-
firði, tekið til gjaldþrotaskipta. Frestdagur við
gjaldþrotaskiptin er 22. ágúst 2001.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til
skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða
eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum
fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan
tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar inn-
köllunar. Kröfulýsingar skulu sendar skipta-
stjóra í pósthólf 435, 222 Hafnarfirði.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar
kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum bús-
ins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að
Fjarðargötu 11, 3. hæð, Hafnarfirði, fimmtudag-
inn 7. mars 2002 kl. 9.30.

Skrá um lýstar kröfur mun liggja þar frammi
viku fyrir skiptafundinn.

Komi ekkert fram um eignir í búinu verður
skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til
155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti
o.fl.

(13921 b

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness, upp-
kveðnum 26. október 2001, var bú Ólafs Sverris-
sonar, kt. 060648-6899, Fjóluhvammí 6,
Hafnarfirði, tekið til gjaldþrotaskipta. Frestdag-
ur við gjaldþrotaskiptin er 22. ágúst 2001.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til
skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða
eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum
fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan
tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar inn-
köllunar. Kröfulýsingar skulu sendar skipta-
stjóra í pósthólf 435, 222 Hafnarfirði.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar
kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum bús-
ins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að
Fjarðargötu 11, 3. hæð, Hafnarfirði, fimmtudag-
inn 7. mars 2002 kl. 10.00.

Skrá um lýstar kröfur mun liggja þar frammi
viku fyrir skiptafundinn.

Komi ekkert fram um eignir í búinu verður
skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til
155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl.

(13922 b

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness, upp-
kveðnum 26. október 2001, var bú Bjarndísar S. Jóhannsdóttur, kt. 111050-6789, Móabarði 34,
Hafnarfirði, tekið til gjaldþrotaskipta. Frest-
dagur við gjaldþrotaskiptin er 23. ágúst 2001.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til
skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða
eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum
fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan
tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar inn-
köllunar. Kröfulýsingar skulu sendar skipta-
stjóra í pósthólf 435, 222 Hafnarfirði.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar
kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum bús-
ins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að
Fjarðargötu 11, 3. hæð, Hafnarfirði, fimmtudag-
inn 7. mars 2002 kl. 10.30.

Skrá um lýstar kröfur mun liggja þar frammi
